

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 40 ? 22.11. 2004

Mánudaginn 22. nóvember, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Ný lög um vatnsveitur sveitarfélaga.
2. Gjaldskrá vatnsveitu.
3. Gjaldskrá hitaveitu.
4. Fyrirhugaður fundur með stjórn Norðurorku.
5. Staða framkvæmda.
6. Önnur mál.
 - a. Fundur með starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kristján Jónasson KPMG Endurskoðun Sauðárkróki kom á fundinn og skýrði út ný lög um vatnsveitur sveitafélaga. Kristjáni og Páli Pálssyni falið að fara á fund Byggðaráðs 23. nóv nk og ræða sameiningu Vatnsveitu við Skagafjarðarveitur ehf eins og ráð var fyrir gert við stofnun Skagafjarðarveitna 23.04.2004. Kristján yfirgaf nú fundinn.

2. Farið yfir drög að gjaldskrá Vatnsveitu.

3. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu frá 1. janúar 2005 um 3.5%. Ákveðið að endurskoða gjaldskrána í júní 2005. Síðast hækkaði gjaldskráin um 3.5% 1. jan 2004.

4. Boðað hefur verið til fundar með stjórn Norðurorku 30. nóvember nk á Akureyri Farið var yfir málefni fundarins.

5. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu framkvæmda. Gert er ráð fyrir að kostnaður við Sjóveituna verði um 10 milljónir. Stefnt er að því að ljúk lagfæringum á kaldavatnslögn fyrir Háuhlíð fyrir jólin.

6. Önnur mál.

a. Sigrún Alda sagði frá umræðufundi með Ásgeiri Margeirssyni aðstoðarforstjóra, og Þorleifi Finnssyni framkvæmdastjóra þróunarsviðs Orkuveitu Reykjavíkur ásamt fulltrúum Sveitarfélagsins og Skagafjarðaveitna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.40

Árni Egilsson ritari.

Sigrún Alda Sighvats (sign)
Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Pálsson (sign)